

LÖG

um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði,
nr. 76 25. júní 1970, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 1.–3. málsl. 2. mgr. 86. gr. laganna kemur: Ríkið rekur rannsókn- og ráðgjafarstofnun í veiðimálum er nefnist Veiðimálastofnun. Ráðherra skipar framkvæmdastjóra stofnunarinnar til fimm ára í senn, að fenginni umsögn stjórnar Veiðimálastofnunar. Framkvæmdastjóri skal hafa viðhlítandi háskólamenntun og þekkingu á starfseminni. Hann hefur á hendi daglega stjórn stofnunarinnar og ber ábyrgð á framkvæmd mótaðrar stefnu og fjárhagsafkomu. Hann ræður annað starfsfólk.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1997.

Gjört á Bessastöðum, 17. apríl 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

Nr. 25

6. maí 1997

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við lög nr. 97/1987, um vörugjald,
með síðari breytingum.

1. gr.

Tollskrárnúmerið 1806.2007 fellur brott úr A-lið viðaukans, vegna samræmingar á vörugjaldi af vörum sem falla undir það tollskrárnúmer við vörugjald af vörum sem flokkast undir tollskrárnúmerið 1806.9027.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað og tekur til allra ótollafgreiddra vara.

Fjármálaráðuneytinu, 6. maí 1997.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Bergþór Magnússon.